



Erindisbréf fyrir ungmennaráð Píngeyjarsveitar

I. Stjórnskipuleg staða og skipan

1. gr.

Ungmennaráð Píngeyjarsveitar, starfar í umboði sveitarstjórnar og fer með þau verkefni sem því er falið og nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu.

Ungmennaráð er ráðgefandi um málefni sem tengjast ungu fólki á aldrinum 13 til 25 ára í Píngeyjarsveit. Allar afgreiðslur nefndarinnar eru tillögur til sveitarstjórnar nema ungmennaráð hafi fullnaðavald til ákvörðunartöku í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

Æskulýðs-, tómstunda- og menningarfulltrúi er tengiliður ráðsins við sveitarstjórn og starfar með ráðinu með málfrelsi og tillögurétt á fundum ráðsins og fylgir eftir ákvörðunum ráðsins. Starfsmaður ritar að jafnaði fundargerðir ráðsins.

2. gr.

Í ungmennaráði eiga sæti fimm fulltrúar og fimm til vara. Fyrir 1. október ár hvert óskar sveitarstjórn eftir að eftirfarandi stofnanir tilnefni fulltrúa í ungmennaráð. Fulltrúi verður að vera á aldrinum 13-25 ára og hafa lögheimili í Píngeyjarsveit. Leitast skal við að tilnefna af öllum kynjum.

- Einn fulltrúi úr 8. til 10. bekk Reykjavíðarskóla og einn til vara sem valdir eru árlega. Nemendur skólans velja sína fulltrúa með samráði eða kosningu.
- Einn fulltrúi úr 8. til 10. bekk Stórutjarnaskóla og einn til vara sem valdir eru árlega. Nemendur skólans velja sína fulltrúa með samráði eða kosningu.
- Einn fulltrúi úr 8. til 10. bekk Píngeyjarskóla og einn til vara sem valdir eru árlega. Nemendur skólans velja sína fulltrúa með samráði eða kosningu.
- Einn fulltrúi úr Framhaldsskólanum á Laugum og einn til vara sem valdir eru árlega. Nemendur skólans velja sína fulltrúa með samráði eða kosningu.
- Einn fulltrúi og einn til vara sem íþróttá-, tómstunda- og menningarnefnd Píngeyjarsveitar velur úr hópi þeirra sem eru ekki á grunnskólaaldri. Íþróttá-, tómstunda- og menningarnefnd skal við valið hafa að leiðarljósi að þessir fulltrúar endurspegli sem breiðastan hóp þessa aldurshóps í Píngeyjarsveit.

Starfstími ungmennaráðs skal vera eitt ár frá skipun eða þar til nýtt ungmennaráð hefur verið skipað.

II. Hlutverk ungmennaráðs

3. gr.

Ungmennaráð fjallar um hvert það mál sem ráðið telur tengjast hagsmunum ungs fólks. Það leitast við að efla umfjöllun sveitarstjórnar um málefni sem tengjast ungu fólki.

Ungmennaráð gerir tillögur til sveitarstjórnar um hvert það mál sem ráðið telur tengjast hagsmunum og aðstæðum ungs fólks. Ráðið fylgist með því, eins og við á, að stofnanir og þjónusta sveitarfélagsins

vinni með hagsmuni ungs fólks að leiðarljósi. Með þessum hætti er leitast við að efla umfjöllun sveitarstjórnar um málefni er tengjast ungu fólk og velferð þeirra.

4. gr.

Ungmennaráð tekur til umfjöllunar þau mál sem sveitarstjórn og nefndir sveitarfélagsins óska eftir hverju sinni og veitir umsögn um þau ásamt öðrum málum sem ráðið telur nauðsynlegt að fjalla um í samræmi við hlutverk og merkmið þess. Mál sem varða hagsmuni barna- og ungmenna í sveitarfélaginu sérstaklega skulu lögð fyrir ráðið og því gefið færi á að álykta um þau.

Helstu markmið, verkefni og hlutverk ungmennaráðs eru:

- að koma skoðunum og tillögum ungs fólks til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins
- að gæta hagsmuna ungs fólks t.d. með umfjöllun og umsögnum um einstök mál sem snerta aldurshópin sérstaklega
- að fulltrúar ráðsins þjálfist í lýðræðislegum vinnubrögðum og læri á stjórnkerfi sveitarfélagsins
- að efla tengsl ungmenna í sveitarfélaginu og vera ráðgefandi um framtíðarsýn tólstunda- og æskulýðsmála innan sveitarfélagsins
- að efla tengsl nemenda framhaldsskóla og sveitarstjórnar með því
- að standa fyrir umræðu innan vettvangs nemenda framhaldsskólanna um þau mál er til hagsbóta geta verið fyrir ungt fólk
- að efla tengsl nemenda grunnskóla sveitarfélagsins og sveitarstjórnar með því að standa fyrir umræðu innan vettvangs nemenda grunnskólans um þau mál er til hagsbóta geta verið fyrir ungt fólk
- að gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnumörkun um málefni ungs fólks.

III. Starfshættir

5. gr.

Fjallað er um fundi og fundarsköp í III. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins og skal þeim fylgt eftir því sem við á. Í störfum sínum skal ungmennaráð taka mið af þeim lögum og reglugerðum, sem undir starfsvið þess heyrir, sérstaklega þó sveitarstjórnarlögum.

6. gr.

Í störfum sínum skal ungmennaráð hafa gott samráð við aðrar fagnefndir sveitarfélagsins. Formaður nefndar ber ábyrgð á því að samvinna sé á milli nefnda þegar það á við.

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og athafnir séu ávallt í þágu allra íbúa sveitarfélagsins og að fulltrúar í ráðinu setji ávallt almannahagsmuni ofar öðrum hagsmunum.

7. gr.

Ungmennaráð kemur saman fyrir luktum dýrum á fastákveðnum fundartíma samkvæmt fundadagatali sem sveitarstjórn samþykkir. Formaður sér um að boða nefndina til fundar í samræði við starfsmann nefndarinnar og sjá þeir sameiginlega um undirbúning funda hennar. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, dagskrá og tíma. Fundarboð skal sent fulltrúum í nefndinni og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Heimilt er að boða fund með rafrænum hætti. Aukafundi skal halda ef formaður telur þörf á eða ef a.m.k. þrír fulltrúar óska þess.

Heimilt er að notast við fjarfundabúnað á fundum nefndarinnar í samræmi við 14. gr. samþykktu um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins og leiðbeininga ráðuneytis sveitarstjórnarmála.

Formaður ungmennaráðs stýrir fundum nefndarinnar. Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslum ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti. Ungmennaráð skal halda gerðarbók sem getur verið á rafrænu formi og skal starfsmaður nefndarinnar rita fundargerð. Fundarboð og fundargerðir nefnda skal vinna og varðveita í viðurkenndu skjalavistunarkerfi t.d. One system og skal starfsmaður nefndarinnar bera ábyrgð á eftirfylgni þess.

Fundargerðum kemur starfsmaður strax að fundi loknum til sveitarstjóra sem sér um að hún sé lögð fram á næsta sveitarstjórnarfund til kynningar og birt á vefsíðu sveitarfélagsins.

Ef notast er við rafræna undirskrift skulu allir nefndarmenn undirrita fundargerð með slíkum hætti svo einungis eitt afrit af fundargerðinni verði staðfest. Fylgja þarf skilyrðum laga um rafrænar undirskriftir, nr. 28/2001 við slíkar undirritanir.

Um ritun fundargerða fer að öðru leyti eftir samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins og leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. auglýsingu þess efnis nr. 1181/2021, sem sett hefur verið samkvæmt 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga

8. gr.

Ungmennaráð hefur yfir að ráða sérstakri fjárveitingu, sem samþykkt er af sveitarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert, sem er varið til greiðslu nefndarlauna, þinghalds, útgáfu, fræðslu eða annars sem henta þykir.

9. gr.

Á fyrsta fundi ráðsins kýs ungmennaráð sér formann og varaformann. Formaður stýrir fundum ráðsins og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar nefndarinnar. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp.

10. gr.

Ungmennaráð skal funda a.m.k. fjórum sinnum á ári þar af einn fund með sveitarstjórn. Að jafnaði eru fundir ungmennaráðs rafrænir. Í mars ár hvert fundar sveitarstjórn Þingeyjarsveitar með ungmennaráði. Dagskrá þess fundar skal undirbúin í samráði við sveitarstjóra.

IV. Réttindi og skyldur

11. gr.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar nema lögæt forföll hamli því. Nefndarmaður tilkynnir forföll til formanns nefndar og boðar sjálfur varamann sinn.

Ungmennaráð er aðeins starfhæft á fundum og skulu nefndarmenn einungis hlutast til um málefni sem eru þar til umfjöllunar nema umboð hafi verið veitt fyrir öðru.

12. gr.

Formaður ungmennaráðs hverju sinni er í forsvari fyrir ungmennaráð um tillögur og áherslur þess eftir því sem við á. Starfsmenn bera ábyrgð á rekstri og stjórnslu ráðsins, þ.m.t. fjármálum og framkvæmd ákvarðana þess.

13. gr.

Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að viðkomandi lætur af störfum. Ákvæði þetta gildir einnig um aðra fundarmenn á fundum nefndarinnar.

14. gr.

Ef þörf krefur skal nefndarmaður víkja af fundi og kalla til varamann sinn ef hann tengist einstaklingum eða málum, sem fjallað er um í nefndinni, þannig að spillt geti óhlutdrægni hans og valdið tortryggni. Fjallað er nánar um hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála í 17. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins.

Um þóknun fyrir setu í ungmennaráði fer eftir reglum sem sveitarstjórn setur um starfskjör kjörinna fulltrúa í Þingeyjarsveit.

IV. Starfsfólk sveitarfélagsins

15. gr.

Starfsmaður nefndarinnar ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum hennar sé hrint í framkvæmd. Starfsmaður nefndarinnar og sveitarstjóri hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum nefndarinnar. Heimilt er að kalla til á fundi nefndarinnar sérhvern þann sem tengist málum sem er til umfjöllunar hverju sinni.

Starfsmaður nefndarinnar annast undirbúning nefndarfunda í samráði við formann nefndarinnar. Formaður nefndarinnar, eða varaformaður í forföllum hans, ásamt starfsmanni nefndarinnar boða eða láta boða fundi í nefndinni með tveggja sólarhringa fyrirvara. Skal dagskrá fylgja fundarboði. Málsgögn skulu varðveitt með tryggilegum hætti þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að þeim.

Formleg erindi, fyrirspurnir og mál er nefndinni berast skulu skráð í málaskrá sveitarfélagsins áður en þau eru tekin fyrir á fundum. Að fundi loknum skal á sama hátt, skrá afgreiðslu mála í málaskrá.

16. gr.

Formaður og aðrir fulltrúar ungmennaráðs skulu snúa sér til starfsmanns nefndarinnar eða sveitarstjóra eftir því sem við á til að fylgja eftir staðfestum samþykktum nefndarinnar. Ungmennaráð hefur ekki boðvald yfir starfsfólki sveitarfélagsins.

V. Gildistaka

17. gr.

Um hæfi fulltrúa ungmennaráðs gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, II. kafla stjórnáslulaga nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn Þingeyjarsveitar og fundarskóp sveitarstjórnar. Um hæfi starfsmanna ráðsins gilda ákvæði II. kafla stjórnáslulaga nr. 37/1993.

Samþykkt á 20. fundi íþróttá-, tómsunda- og menningarnefndar þann 9. september 2024

Staðfest á 48. fundi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar þann 26. september 2024